

Nd.

742. Breytingartillögur

við frv. til l. um nýbyggingar í Höfðakaupstað.

Frá Skúla Guðmundssyni, Stefáni Jóh. Stefánssyni og Hallgrími Benediktssyni.

Við 3. gr.

- a. Á eftir orðinu „Nýbyggingarráð“ í 1. og 2. tölul. komi á báðum stöðum: hreppsnefnd Höfðahrepps.
- b. 3. tölul. b. orðist svo:

að reisa sjálf íbúðarhús í samráði við Nýbyggingarráð, hreppsnefnd Höfðahrepps og ríkisstjórnina, til þess að selja þau einstaklingum, byggingarfélagum eða byggingarsamvinnufélögum, enda sé það aðalreglan, að húsin séu byggð eftir fyrir fram gerðum pöntunum og seld, þegar þau eru að nokkru eða öllu leyti smíðuð, eftir vali kaupenda.